

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

252. FUNDUR.

252. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 9. apríl 2015 kl. 15:00 í fundarsal Ráðhússins.

Fundinn sátu:

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, oddviti, Elín Jóna Rósinberg, varaoddviti, Elín R. Líndal, aðalmaður, Ingimar Sigurðsson, aðalmaður, Sigurbjörg Jóhannesdóttir, aðalmaður, Valdimar Gunnlaugsson, aðalmaður og Gunnar Þorgeirsson, aðalmaður

Embættismenn:

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri
Guðrún Ragnarsdóttir, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs

Fundarritari:

Guðrún Ragnarsdóttir

Oddviti setti fund.

- 1. Ársreikningur sveitarsjóðs Húnaþings vestra og undirfyrirtækja 2014. Fyrri umræða.**
Mættur er á fundinn Kristján Jónasson löggiltur endurskoðandi. Kristján lagði fram og skýrði ársreikninginn ásamt skýrslu um endurskoðun á ársreikningi 2014. Að því loknu svaraði hann fyrirspurnum sveitarstjórnarmanna. Að loknum umræðum lagði oddviti fram eftirfarandi tillögu: „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir að vísa ársreikningi sveitarsjóðs Húnaþings vestra og fyrirtækja fyrir árið 2014 til síðari umræðu í sveitarstjórn þann 16. apríl nk.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.
- 2. Fundargerðir byggðarráðs, formaður kynnti.**
Fundargerð 863. fundar, frá 16. mars sl. Fundargerð í 4 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.
Fundargerð 864. fundar byggðarráðs, frá 30. mars sl. Fundargerð í 20 liðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 5. dagskrárlið „Sveitarstjórn samþykkir tillögu byggðarráðs um að lægstu tilboðum í efni vegna hitaveituframkvæmda verði tekið, þ.e. tilboð Set ehf í stálrör og tilboð Ísrör ehf í pexrör.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Lögð fram eftirfarandi tillaga við 19. dagskrárlið „Sveitarstjórn samþykkir að 70 þúsund af framlagi til Ungmennaráðs 2015 verði nýtt til að greiða niður ferðakostnað og afþreyingu í fyrirhugaðri kynningarferð 9. og 10. bekkjar til Sauðárkróks í vor.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.
Fundargerðin í heild borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.
- 3. Fundargerð félagsmálaráðs, oddviti kynnti.**
Fundargerð 158. fundar frá 18. mars sl. Fundargerð í 5 liðum.
Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum

4. Fundargerð fræðsluráðs,

Fundargerð 159. fundar frá 1. apríl sl. Fundargerð í 3 liðum. Borin upp eftirfarandi tillaga við 3. dagskrárlið "Sveitarstjóra falið að auglýsa eftir tillögum að nafni á grunnskólann" Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Fundargerðin í heild borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

5. Fundargerðir skipulags- og umhverfisráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 247. fundar, 6. liður sem frestað var á 250.fundi sveitarstjórnar. Lögð fram eftirfarandi tillaga: „Sveitarfélagið samþykkir fyrir sitt leyti lögbýlisrétt beggja jarðarhluta Efri Þverár I og Efri Þverár II." Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 250. fundar, frá 7. apríl sl. Fundargerð í 2 liðum.

Borinn undir atkvæði 1. dagskrárliður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.

Borinn undir atkvæði 2. dagskrárliður fundargerðarinnar. Samþykktur með 7 atkvæðum.

Fundargerðin í heild borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

6. Fundargerð Landbúnaðarráðs. Oddviti kynnti

Fundargerð 132. fundar frá 9. apríl 2015. Fundargerð í 3 liðum. Borin upp tillaga við 3. dagskrárlið a)“ Sveitarstjórn samþykkir að taka fjallskilasamþykkt Húnaþings vestra til endurskoðunar og felur landbúnaðarráði að koma með tillögur að breytingum ef þurfa þykir.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum

7. Fundargerðir Ungmennaráðs. Oddviti kynnti.

Fundargerð 26. fundar frá 3. janúar sl. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

Fundargerð 27. fundar frá 24. mars sl. Fundargerð í 6 liðum. Fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

8. Siðareglur sveitarstjórnar Húnaþings vestra. Oddviti kynnti.

Lögð fram eftirfarandi tillaga „Sveitarstjórn Húnaþings vestra samþykkir framlagðar siðareglur.“ Tillagan borin undir atkvæði og samþykkt með 7 atkvæðum.

9. Skýrsla sveitarstjóra. Guðný Hrund Karlsdóttir sveitarstjóri gerði grein fyrir helstu störfum sínum frá síðasta reglulega fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:35

Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Elín Jóna Rósinberg.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Gunnar Þorgeirsson.

Elín R. Líndal.

Valdimar Gunnlaugsson.

Ingimar Sigurðsson.

Guðný Hrund Karlsdóttir, sveitarstjóri.

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari